

Hagnaður 1.137 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2025

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga nam 1.137 milljónum króna á fyrri árshelmingi 2025 samanborið við 1.132 milljónir króna á sama tímabili árið 2024.

Heildareignir Lánasjóðsins þann 30. júní voru 219 milljarðar króna samanborið við 211 milljarða króna í árslok 2024. Heildarútlán sjóðsins námu 207 milljörðum króna samanborið við 200 milljarða króna í árslok 2024. Ný útlán á fyrstu 6 mánuðum ársins námu 9,4 milljörðum króna samanborið við 7,4 milljarða króna á sama tímabili árið 2024.

Markaðsverðmæti verðbréfaútgáfu á fyrri hluta ársins var 9,4 milljarðar króna en var 6,5 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Útlán til sveitarfélaga á tímabilinu voru í samræmi við útgáfuáætlun sjóðsins.

Eigið fé Lánasjóðsins nam 25,9 milljörðum króna á móti 24,8 milljörðum króna í árslok 2024. Vegið eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki er 364% með fullri mildun. Í árslok 2024 var hlutfallið 361%. Á aðalfundi sjóðsins þann 20. mars síðastliðinn var ákveðið að greiða ekki arð til hluthafa vegna afkomu ársins 2024 til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.

Rekstur fyrstu 6 mánaða ársins	1.1.-30.6.25	1.1.-30.6.24	1.1.-30.6.23	1.1.-30.6.22
<i>Fjárhæðir í m.kr.</i>				
Hreinar vaxtatekjur.....	761	838	804	611
Aðrar rekstrartekjur	532	437	245	69
Almennur rekstrarkostnaður.....	156	143	133	127
Hagnaður tímabilsins.....	1.137	1.132	916	553
Efnahagur í lok tímabils	30.jún.25	30.jún.24	30.jún.23	30.jún.22
Handbært fé.....	466	183	712	842
Ríkisbréf og ríkisvixlar.....	8.281	7.938	7.055	6.818
Markaðsverðbréf.....	3.853	3.593	1.703	164
Útlán og kröfur.....	206.656	195.234	183.278	164.948
Aðrar eignir.....	103	98	493	237
Eignir samtals.....	219.359	207.046	193.241	173.009
Verðbréfaútgáfa.....	190.379	179.937	169.890	150.838
Aðrar lántökur.....	2.697	2.943	1.259	1.907
Aðrar skuldir og skuldbindingar.....	352	310	318	113
Skuldir samtals.....	193.428	183.191	171.467	152.858
Eigið fé.....	25.930	23.855	21.774	20.151
CAD- hlutfall m/hefðbundinni mildun.....	54%	54%	54%	56%
CAD- hlutfall m/fullri mildun*.....	364%	410%	579%	643%
Vogunarhlutfall.....	12%	12%	11%	12%

* Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði vegna útlána til sveitarfélaga í íslenskum krónum sem eru með veð í tekjum sveitarfélaga.

Framtíðarhorfur

Lánasjóður sveitarfélaga væntir þess að eftirspurn eftir útlánum verði svipuð í ár og var árið 2024. Lánasjóðurinn mun starfa í grundvallaratriðum svipað og undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að eflingu á starfsemi hans og betri þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að uppfylla meginhlutverk hans.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.